

Kveðja frá SIMBABVE!

Simbabve er í sunnanverðri Afríku.
Meira en 16.500.000 manns búa þar.

STÓRKOSTLEGUR FOSS

Viktoríufossarnir í Simbabve eru stærstu fossar í heiminum. Hljóðin frá þeim má heyrna í 40 km fjarlægð.



STÓRKOSTLEG DÝR

Það eru margar graslendur í Simbabve. Sum dýranna sem búa þar eru ljón, flóðhestar, girafar, antilópur og fílar.



HEIMSÓKN FRÁ SPÁMANNINUM

Í aprílmánuði 2018 heimsóttu Nelson forseti og systir Nelson Simbabve. Hundruði barna sungu fyrir þau „Guðs barnið eitt ég er“.

Livukile!

Það þýðir „Góðan dag!“ á ndebele.

TUNGUMÁL

Í Simbabve eru 16 opinber tungumál. Sum þeirra eru shona, ndebele og enska—bara til að nefna nokkur!



Fílaföndur

Simbabve er með næststærsta fílastofn í heimi!

1. Klippið út stóran hring fyrir hausinn og tvo litla hringi fyrir eyrun. Límið svo eyrun á höfuðið.
2. Klippið langan ferhyrning til að búa til ranann. Brjótið upp á hann fram og aftur svo það mynda sikk-sakk form.
3. Klippið út tvær fílatennur.
4. Teiknið nú augu og bros á fílinn ykkar. Límið svo fílatennurnar og ranann ofaná!

VERKEFNI



UPPSKRIFT

Muriwo Unedovi (Hnetusmjörsgrænmeti)

Muriwo unedovi er hefðbundinn réttur í Simbabve. Hér er uppskrift sem þið getið prófað!

1. Saxið niður **1 lauk** og steikið á pönnu með **olíu** í 3–5 mínútur. Skerið niður **2 tómata** og bætið við á pönnuna. Eldið í 3–5 mínútur í viðbót.
2. Saxið **10 bolla (2400 ml) af spínati** (eða grænt kálmeti að eigin vali) og setjið á pönnuna. Sjóðið spínatiðniður í gufunni í 5 mínútur.
3. Bætið við **2 matskeiðum (30 ml) af hnetusmjöri**, **1/4 bolli (59 ml) af vatni**, og **1/2 teskeið (2,4 ml) af hvítlaukskryddi**. Blandið vel saman og bætið við **salti** eftir smekk.

Verið viss um að fá hjálp frá fullorðnum!